



LEIKSKÓLINN

ÁSGARÐUR



HÚNAÞING VESTRA

Foreldrahandbók

2022-2023

Velkomin í Ásgarð

Það er okkur sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin í leikskólann Ásgarð. Í þessari handbók eru upplýsingar sem foreldrar/forráðamenn þurfa að vita vegna leikskólagöngu barns síns.

Opnunartími leikskólans

Leikskólinn starfar milli 8 - 16, en opnar kl. 7:45 til að gefa foreldrum kost á að sækja vinnu á réttum tíma og lokar kl. 16:15, sömuleiðis til að gefa foreldrum svigrúm vegna atvinnu sinnar. **Foreldrar eru minntir á að virða vistunartíma barna sinna.** Vinnutími starfsmanna er skipulagður með tilliti til vistunartíma nemenda.

Skólasókn

Æskilegt er að nemendur mæti á réttum tíma í leikskólann og geti tekið virkan þátt í starfinu sem fer fram hverju sinni. Þannig næst jafnvægi og eining á meðal nemenda í hópnum. Mikilvægt er að fylgja nemanda í öruggar hendur kennara þegar komið er til skóla og heilsa, eins þegar skóladegi lýkur að kveðjast. Ef annar en foreldri sækir nemanda, þá vinsamlega látið starfsfólk vita því nemandi er ekki afhentur hverjum sem er. Börn yngri en 12 ára mega ekki sækja eða koma með nemendur í leikskólann.

Foreldrasamvinna

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Mikilvægt er að náíð samstarf, gagnkvæmt traust og virðing skapist á milli heimilis og leikskóla.

Upplýsingatöflur

Upplýsingatöflur hanga uppi í fataklefum deildanna, þar komum við á framfæri upplýsingum til foreldra. Einnig eru heimasíða leikskólans, facebook síða foreldra notaðar til að miðla upplýsingum.

Heimasíða leikskólans er www.leikskolinn.is/asgardur

Fatnaður

Þar sem leikskólinn er vinnustaður nemenda er nauðsynlegt að þeir séu í fötum sem má sjá á. Nemendur skulu hafa með sér nauðsynlegan klæðnað s.s. regnföt og stígvél, þykka peysu, vettlinga, ullarsokka, úlpu/kuldagalla, skó og húfu. Einnig eru aukaföt nauðsynleg þar sem leikskólinn lánar ekki föt.

Munið að merkja vel öll föt og aðrar eigur barnanna.

Uppsögn vistunarrýma

Þegar segja þarf upp vistunarrými barns eða breyta vistunartíma er uppsagnarfrestur einn mánuður og miðast við mánaðamót þ.e.a.s síðasta dag mánaðar eða fimmtánda dag mánaðar. Segja þarf upp vistunarrými eða breyta skriflega/tölvupósti. Eyðublöð fást hjá starfsfólki leikskólans.

Afmæli

Afmælisdagur er stór dagur í lífi hvers einstaklings. Nemandi hefur sérstakt hlutverk þann dag í leikskólanum t.d. stjórnar söngstund og velur sér kórónu. Í matartíma fær nemandi sérstakan disk og glas. Afmælisöngurinn er sunginn fyrir nemanda í samverustund. Á Ásgarði er sú regla að ekki er leyfilegt að setja afmælisboðskort í hólfi barnanna. Ekki er ætlast til að nemandi komi með veitingar að heiman.

Öðruvísi dagar

Fyrsta þriðjudag hvers mánaðar eru "öðruvísi dagar,, í leikskólanum. Þessir dagar eru auglýstir að hausti á skóladagatali, en það má sjá á heimasíðu skólans. Vinsamlega athugið að ekki er leyfilegt að koma með leikföng í skólann nema á auglýstum dótadögum.

Foreldrafélag

Við leikskólann er starfandi foreldraráð og foreldrafélag nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

Sími skólans er: 451-2343,

skólastjóri Kristinn Arnar Benjamínsson,

aðstoðarskólustjóri: Guðný Kristín Guðnadóttir

Heimasíða: www.leikskolinn.is/asgardur

Netfang:leikskoli@hunathing.is

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru einu sinni á ári og eru þau tekin í kringum afmælisdaga barnanna af deildarstjóra. Velkomið er fyrir foreldra að fá viðtal oftast ef þess er þörf af einhverjum ástæðum. Einnig óskar starfsfólk leikskólans eftir viðtali við foreldra ef ástæða þykir til.

Matar- og hvíldartími

Leikskólinn opnar kl 7:45 og lokar kl 16:15. Foreldrar eru minntir á að virða vistunartíma barna sinna. Vinnutími starfsmanna er skipulagður með tilliti til vistunartíma nemenda.

Ekki er leyfilegt að koma með nemanda í leikskólann eða sækja hann milli kl. 11:30 og 13:00 nema um annað sé samið. Á þessum tíma er matar- og hvíldartími hjá börnunum.

Matmálstímar skólans eru morgunmatur kl 8:15 - 9:00, hádegismatur kl 11:30 - 12:00, síðdegishressing kl 14:10 - 15:00. Gott væri ef foreldrar hringdu ekki inn í leikskólann á þessum tíma, nema nauðsyn beri til.

Veikindi og lyfjagjöf

Ef nemandi er með hita eða smitandi sjúkdóm getur hann ekki komið í leikskólann. Miðað er við að nemandi sé hitalaus í að minnsta kosti einn sólahring áður en hann kemur aftur í leikskólann.

Fastur daglegur útivistartími er milli 15.00-16.00 og ef barn getur ekki verið úti eftir veikindi er hægt að sækja barnið klukkan 15.00. Á föstudögum er einnig útivera milli klukkan 10 og 11 og gilda því sömu reglur og áður er getið. Ef nemandi þarf að taka lyf er mikilvægt að haga lyfjagjöf þannig að þau séu gefin heima en ekki í leikskólanum nema annað sé nauðsynlegt.

Ef nemandi kemur ekki í leikskólann vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, látið starfsfólk vinsamlegast vita að morgni dags á Karellen eða síma. Ef nemandi hefur greinst með óþol, ofnæmi, astma eða annað sem krefst sérstakrar meðhöndlunar í leikskóla, skal skila læknisvottorði því til staðfestingar.

Umhverfi leikskólans

Fólki er bent á að virða umhverfið og hreina loftið og stöðva vél bifreiðar á meðan farið er inn í leikskólann. Útblástur bíla er í sömu hæð og nemandinn. **Vinsamlega lokið hliði leikskólans þegar gengið er um það.**